



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar**

Farsæld og framfarir þjóðarinnar ráðast í skólum landsins. Þeir eru uppspretta hagsældar um ókomin ár og án öflugrar fræðslu kann okkur að reynast erfitt að halda til jafns við aðrar þjóðir.

Þegar ég ákvað að stofna til Íslensku menntaverðlaunanna var það von mín að þau stuðluðu að samstöðu um skólastarfið og yrðu lóð á vogaskálar til þess að framlag kennara yrði metið að verðleikum.

Viðtökurnar sem Íslensku menntaverðlaunin hafa hlotið eru einkar ánægjulegar og sýna hve góðan hug þjóðin ber til grunnskólanna.

Fjölmargar tilnefningar bárust frá foreldrum, nemendum, forráðamönnum byggðarlaga og skólafólki vítt og breitt um landið allt. Verðlaunin öðluðust á þann hátt lýðræðislegan blæ og svipmót almennrar þátttöku.

Þau hafa einnig notið frábærs starfs hins hæfa fólks sem dómnefndir skipar, alúðar verkefnisstjórans og metnaðarfulls stuðnings Sparisjóðanna. Fyrir það þakka ég af heilum huga.

Verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn árið 2005 og þau hlutu þá öndvegisskóli á Akranesi, merkur skólamaður, ungur kennari á Ísafirði og höfundur námsefnis í tónlistarfræðslu. Í umsögnum dómnefnda var rík áhersla lögð á skapandi starf, nýjungar, fjölbreytni, þróun, áræðni og alúð þeirra sem gert hafa kennslu að ævistarfi.

Við hjónin heimsóttum svo Grundaskóla fyrir skömmu og áttum ánægjulegar og fróðlegar samverustundir með nemendum og kennurum. Var það upphaf að hefð sem fylgt verður í framtíðinni: Að sækja heim verðlaunaskólann.

Nú er á ný gengið til leiks og óskað eftir tilnefningum og ég hvet flesta að taka þátt. Að vori verður svo uppskeruhátíð þegar verðlaunin verða veitt í annað sinn.